KALDRANANESHREPPUR 4902

**Sveitarstjórnarfundur 22. júní 2025**

Sunnudaginn 22. júní 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 32. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Arnlín Óladóttir og Franklín Steindór B. Ævarsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.
Ísabella ritar fundargerð á tölvu.

**Dagskrá 32. fundar:**

1. Fundargerð 32. sveitarstjórnarfundar 22.06.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Ársreikningar 2024 seinni umræða

**<u>Fundargerð:</u>**

1. **Fundargerð 32. sveitarstjórnarfundar 22.06.2025**

   Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
   Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. **Fundargerðir nefnda**

   Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. **Aðrar fundargerðir**
   a. Fundargerð 981. Fundar. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga.
   Fundargerð lögð fram til kynningar.
   b. Fundargerð 982. Fundar. Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga
   Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. **Ársreikningar 2024 seinni umræða.**

   Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2024 er hér lagður fram til síðari umræðu.

   Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóður. Í B-hluta eru hafnarsjóður, vatnsveita og hitaveita.

HLF FÁ FÓ ÁÓ Í.B.P.

Rekstrartekjur A- og B-hluta Kaldrananeshrepps námu á árinu 251 millj. kr., þar af voru rekstrartekjur A-hluta 223 millj. kr.
Rekstrargjöld A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði námu 211 millj. kr., þar af voru rekstrargjöld A-hluta 191 millj. kr.
Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2024 er jákvæð um 34 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 36 millj. kr.

Eignir A- og B-hluta Kaldrananeshrepps voru í árslok 2024 samtals 400 millj. kr. þar af voru eignir A-hluta 466 millj. kr.
Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta voru á sama tíma 25,8 millj. kr. og voru skuldir skuldbindingar A-hluta 55,8 millj. kr.
Eigið fé A- og B-hluta nam 374,8 millj. kr. í árslok og var eigið fé A-hluta 410,6 millj. kr.
Eiginfjárhlutfall A- og B hluta nam 93,6%, og eiginfjárhlutfall A-hluta nam 88,0%.
Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2024 borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur með fimm atkvæðum, enginn á móti.
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 20:26

Finnur Ólafsson
Franklín [illegible]
Halldór Logi
J. B. Petersen
Arnlín Óladóttir